

Miðvikudaginn 11. apríl 1934.

Nr. 10/1934. **Réttvísín og valdstjórnin**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Hallgrími Pétri Hólmi Aðalbjörnssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Brot g. 200. gr. alm. hegnl. og 6. gr. bifreiðalaga
70/1931 m. m.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 28. dez. 1933: Ákærður, Hallgrímur Pétur Hólm Aðalbjörnsson, sæti einföldu fangelsi í 30 daga og greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 35 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda síns hér í réttinum. Ólafs Þorgrímssonar, lögfræðings.

Auk þess skal ákærður sviftur ökuskirteini í 6 mánuði frá birtingu þessa dóms að telja.

Fullnustu hinnar idæmdu fangelsisrefsingar skal frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það er upplýst fyrir hæstarétti, að ökuskirteini ákærða var af honum tekið 1. nóv. f. á., og þykir rétt, að sá tími, sem ákærði sé sviftur rétti til að stýra bifreið, sé talinn frá þeim degi. Með þessari breytingu þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 kr til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó svo, að tími sá, er ákærði skal sviftur rétti

til að stýra bifreið, teljist frá 1. nóv. 1933. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Lárusar Jóhannessonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Hallgrími Péttri Hólmi Aðalbjarnarsyni, bifreiðarstjóra, Skólavörðustíg 15, fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, enn fremur fyrir brot gegn ákvæðum bifreiðalaganna nr. 70, 1931 og lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina og sannaðir eru með eigin játningu ákærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Að kvöldi hins 1. nóv. s. l. um kl. 9,30 var ákærður á leið upp að Lágafelli í bifreið sinni R.E. 878. Stýrði hann sjálfur bifreiðinni en með honum var einn farþegi, Kristinn Jóhannesson, bifreiðarstjóri, er sat í framsæti við hlið ákærðs.

Þegar upp í Sogin kom. þar sem reiðvegurinn sker Suðurlandsbrautina varð árekstur milli bifreiðarinnar og gangandi manns, Jónatans Þorsteinssonar kaupmanns, er kom með barn í fanginu sunnan af reiðveginum og ætlaði norður yfir veginn. Verður að telja upplýst að áreksturinn hafi orðið með þeim hætti að Jónatan hafi rekizt utan í bifreiðina hægra megin að framanverðu, enda brotnaði framrúða bílsins við áreksturinn, hvort heldur það hefir verið Jónatan eða barnið, sem á hana hefir rekizt. Við áreksturinn féll Jónatan í götuna og barnið sömuleiðis. Hrökk það nokkru lengra austur á veginn.

Ákærður stöðvaði bifreiðina þegar í stað og tók Jónatan og barnið upp í bifreiðina og ók þeim á Landspítalann.

Hafði Jónatan mist meðvitund við áreksturinn og dó hann af meiðslunum daginn eftir, án þess að hafa komið til meðvitundar. Kom í ljós að höfuðkúpubotninn hafði brotnað og sömuleiðis hafði hann hlotið viðbeinsbrot vinstra megin. Barnið Hulda Ágústsdóttir að nafni, hafði fulla rænu, er á Landspítalann kom. Hafði hún hlotið fimm sár með sléttum röndum á höfuðið, frá 1—6 cm. á lengd. Var hún gróin sára sinna viku síðar, en samkvæmt vottorði spítalalæknis mun hún bera áberandi ör eftir eitt sárið, sem gekk frá hársverðinum hægra megin niður á mitt enni.

Ákærði kveðst ekki hafa séð Jónatan fyrr en hann átti eftir um einn meter ófarinn að honum. Kveður hann hafa verið glatt tunglsljós og hafi það verið orsök þess, að bifreiðarljósinn lýstu ver upp umhverfið en ella. Samkvæmt framburði vitnisins, Kristins Jóhannessonar, virðist hann hafa séð Jónatan á undan ákærðum, því hann kveðst hafa séð hann í cm. 2 faðma fjarlægð og hafi hann þá samtundis sagt við ákærðan: „Passaðu þig“, en þá hafi það engum togum skipt að áreksturinn hafi orðið og glerbrotum úr rúðunni hægra megin ringdu yfir vitnið.

Það er upplýst í málinu, að ákærður beygði þegar til vinstri, er hann varð Jónatans var, og beitti jafnframt hemlunum. Rann bifreiðin út af veginum til vinstri, inn á reiðvegin, og stöðvaðist á hálfri annari lengd sinni. Ekki kveðst ákærður minnst þess að hann hafi gefið hljóðmerki er hann sá Jónatan á götunni, og ekki er það upplýst á annan hátt að hann hafi gert það. Um ökuhraðann verður síðar rætt.

Jónatan Þorsteinsson hafði komið frá Reykjavík í strætisvagni og farið úr vagninum við svonefndan Grensásveg í Sogunum, sunnan Þjóðbrautarinnar. Í fylgd með honum voru vinnukona hans, Jósefina Jóhannsdóttir með barn sitt, fyrrnefnda Huldu Ágústsdóttur, Helgi Laxdal, lögfræðisnemi og stúlka að nafni Unnur Loftsdóttir. Höfðu þau gengið dálitinn spöl eftir reiðveginum sunnan við Þjóðvegin unz þau komu að þeim stað er reiðvegurinn liggur yfir Þjóðbrautina.

Vitnið Unnur Loftsdóttir hefir borið það, að hún og Jónatan hafi verið heldur á undan hinum og hafi þau komið jafn snemma af reiðveginum inn á Suðurlandsbrautina. Þegar að vegamótunum kom kveðst hún hafa tekið eftir

bifreið, sem kom austur eftir Suðurlandsbraut í þó nokkurri fjarlægð. En þegar þau Jónatan hafi verið komin inn á Suðurlandsbrautina hafi bifreiðin verið komin það nærri, að hún hafi hikað við, hennar vegna, að halda áfram og því numið staðar á vegarjaðrinum, en Jónatan hafi haldið áfram yfir veginn án þess að stansa. Kveðst vitnið þó hafa séð hann líta í átt til bifreiðarinnar. Hafi hann gengið hvatlega en ekki hlaupið og minnir hana að hann hafi borið barnið á vinstri handlegg. Kveður hún Jónatan hafa verið kominn svo að segja alveg yfir veginn er bifreiðina bar að, og hafi hún séð hann ganga í gegnum ljósbjarma bifreiðarinnar. Kveðst vitnið hafa séð að Jónatan varð fyrir vinstra framhorni bifreiðarinnar og sé hún alveg viss um að hann hafi ekki lent á hægri hlið bifreiðarinnar, en samkvæmt öðrum upplýsingum í málinu, sérstaklega því hvernig Jónatan og barnið láu eftir slysið og að rúða brotnaði hægra megin, hlýtur hér að vera um misskynjun að ræða.

Vitnið Jósefína Jóhannsdóttir kveðst hafa verið skamt á eftir Jónatan þegar hann kom að staðnum þar sem reiðvegurinn liggur norður yfir Suðurlandsbrautina. Kveðst hún hafa verið komin rétt að vegamótunum, er hún sá til bifreiðarinnar og var bifreiðin þá í töluverðri fjarlægð. Hún kveðst hafa séð til Jónatans á leiðinni yfir brautina og hafi sér fundið að hann væri kominn það langt áleiðis yfir, að öllu væri óhætt. Hafi Jónatan gengið hratt en ekki hlaupið. Svo kveðst hún skyndilega hafa heyrt skrölt og brothljóð en ekki hafi hún séð sjálfan áreksturinn og geti hún því ekki skýrt nánar frá atvikunum þar að lútandi.

Vitnið Helgi Laxdal kveðst hafa komið nokkru síðar en Jónatan að vegamótunum. Þegar vitnið var að komast að eða inn á þjóðvegin kveðst hann hafa komið auga á bifreiðina, sem hafi ekið með miklum hraða austur veginn. Hafi það síðan engum togum skipt er Jónatan var kominn yfir miðju þjóðvegarins en vitnið upp á vegbrúnnina, að Jónatan varð fyrir bifreiðinni. Kveðst vitnið hafa horft á er áreksturinn varð, en ekki þorað að segja með fullri vissu hvernig bifreiðin kom við Jónatan, en álíta, að hann hafi orðið fyrir hægri frambarti hennar framanverðum og við það kastast fram á götuna.

Vitnið Kristinn Jóhannesson, sem var í bifreiðinni með ákærða, kveðst eins og áður segir fyrst hafa veitt Jóna-

tan og samferðafólki hans eftirtekt, er það var á að giska tvo faðma framundan. Þykist vitnið þess fullviss, að bifreiðin hafi ekki rekizt beint á Jónatan heldur hafi Jónatan kastast á hægra frambretti aftan við framhjólið, um leið og bifreiðin beygði út af veginum.

Um ökuhraða bifreiðarinnar hefir komið fram í málinu sem hér segir:

Ákærður heldur því fram sjálfur, að hann hafi ekið með ca. 30—40 kilometra hraða pr. klst. Að vísu geti hann ekki ákveðið hraðann nákvæmlega en muna eftir því að hann hafi litið á hraðamælinn skömmu áður en slysið varð eða nálægt Sogunum og þá hafi mælirinn sýnt 35 km. hraða miðað við klst. Kveðst mættur ekki hafa aukið hraðann úr því, og ekki heldur lækkað hann að ráði. Vitnið Kristinn Jóhannesson kveðst hafa litið á hraðamælirinn í hæstalagi tveim mínútum áður en slysið vildi til og hafi mælirinn þá verið að fara yfir strykidið 35 km. pr. klst. Kveður hann, að hraðinn hafi í mesta lagi verið orðinn 40 km. á klst. er slysið vildi til, en þó sé hann ekki viss um að hraðinn hafi aukizt nokkuð eftir að hann leit á mælirinn. Vitnið Unnur Loftsdóttir, kveður bifreiðina hafa farið hratt er hún sá hana, en treystir sér ekki til að ákveða hraða hennar. Vitnið Jósefina Jóhannsdóttir kveður sér hafa fundizt bifreiðin fara með miklum hraða, og jafnar honum við hraðari akstur, sem hún hafi séð á sömu slóðum oft áður. Vitnið Helgi Laxdal, kveður bifreiðina hafa ekið mjög hratt og giskar á að hraðinn hafi ekki verið undir 80 km. á klst. Tók vitnið fram, að þetta væri aðeins hans álit, en hann kynni ekki að stýra bifreið sjálfur. Eftirlitsmaður bifreiða, Zophonias Baldvinsson, hefir fyrir réttinum lýst yfir því álitinu sínu, að ekki sé unnt að stöðva bifreið á 40 km. hraða á hálfri annari lengd sinni, eins og ákærður hafi gert, nema hemlarnir séu góðir og vegurinn þurr. Telur hann því sennilegt að bifreiðin hafi verið á 40 km. hraða pr. klst. en öldungis útilokað að hraðinn hafi verið 80 km. pr. klst. Kveðst eftirlitsmaðurinn hafa rannsakað bifreiðina R. E. 878 eftir að slysið varð og eins nokkrum dögum áður. Hafi hún í bæði skiptin reynzt í fyrsta flokks ökuferu ástandi og sérstaklega kveðst hann hafa athugað að hraðamælirinn hefði verið í lagi eftir að slysið vildi til.

Upplýst er í málinu, að ákærður hafi ekki neytt vins er slysið varð.

Eftir þeim upplýsingum um atvik að slysinu, sem þannig hafa fengizt og lýst er hér að framan, virðist það ljóst, að Jónatan Þorsteinsson hafi sýnt ógætni í því að fara yfir miðju þjóðvegarins og ætla sér að komast yfir veginn fyrir framan bifreiðina. Þótt allmikill hraði hefði verið á bifreiðinni þá hlýtur hún þó að hafa verið komin mjög nálægt er Jónatan fór inn á nyrðri helming vegarins. Á hinn bóginn er það upplýst, að ákærður ók með meiri hraða en leyft er að lögum á þjóðvegum í dimmu, jafnvel þó ekki verði talið sannað að hraðinn hafi verið meiri en 35—40 km. á klst. Þegar hér við bætist að skygni var mjög slæmt framundan að sögn ákærðs sjálfs, og það svo að hann sá ekki fólk framundan á veginum fyrr en hann átti á að giska einn meter ófarinn að því og enn fremur að hann hægði ekki á ferð sinni er hann ætlaði yfir krossgötturnar, þar sem reiðvegurinn liggur yfir þjóðvegin, þá verður rétturinn að líta svo á að hann hafi einnig sýnt ógætni, er meðfram sé orsök til slyssins.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að ákærður hafi gerzt sekur um brot á 200 gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 svo og 6. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70 frá 1931 og ennfremur 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið, samkvæmt nefndri 200. gr. hegningarlaganna, 14. gr. bifreiðarlaganna og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar, hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í 30 daga. Auk þess þykir verða að svifta hann ökuskirteini eftir 5. gr. bifreiðarlaganna í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Þar sem hér er um fyrsta brot ákærðs að ræða og hann átti ekki einn sök á því að slysið vildi til, þykir mega ákveða að fangelsisrefsingin skuli vera skilorðsbundin eftir 1. gr. laga nr. 39 frá 1907.

Auk þess greiði ákærður allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 35 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda hans hér í réttinum, Ólafs Þorgrímssonar, lögfræðings.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.